

# Tillögur fyrir aðalfund Umf. Selfoss 2026

## Tillaga 1

*Aðalfundur Umf. Selfoss, haldinn í Tíbrá 16. apríl 2026, þakkar:*

- þeim sem stutt hafa starf félagsins á árinu meðal annars með þátttöku í starfinu og setu í stjórnnum, ráðum og nefndum.*
- stuðningsaðilum, fyrirtækjum, þjálfurum, iðkendum, foreldrum, sjálfbóðaliðum og öðrum sem unnið hafa að framgangi félagsins.*
- Sveitarfélaginu Árborg fyrir veittan stuðning við starfsemi félagsins.*

## Tillaga 2

*Aðalfundur Umf. Selfoss, haldinn í Tíbrá 16. apríl 2026, samþykkir að árgjald félagsins fyrir árið 2026 verði kr. 3.000. Skráning í félagið skal vera aðgengileg í gegnum vefsíðu Umf. Selfoss.*



# Tillögur fyrir aðalfund Umf. Selfoss 2026

## Tillaga 3

*Aðalfundur Umf. Selfoss, haldinn í Tíbrá 16. apríl 2026, lýsir ánægju sinni með það góða samstarf sem félagið á við Sveitarfélagið Árborg en þjónustusamningur aðila er grunnstoðin að faglegu starfi félagsins. Með samningnum er styrkum fötum skotið undir metnaðarfullt starf Umf. Selfoss. Sem fyrr er ljóst að rekstur meistaraflokka á Selfossi er afar viðkvæmur og því mikilvægt að sveitarfélagið í samvinnu við ungmennafélagið móti skýra framtíðarsýn um vöxt og viðgang meistaraflokka þar sem brugðið getur til beggja vona á stuttum tíma ef ekki er tryggt nægjanlegt fjármagn til grunnreksturs.*

## Tillaga 4

*Aðalfundur Umf. Selfoss, haldinn í Tíbrá 16. apríl 2026, hvetur sem flesta til þess að taka þátt í sjálfbóðaliðastarfi, á einn eða annan hátt, hvort heldur er með þátttöku í stjórnnum, vinnu á mótum eða hverju öðru starfi deilda félagsins. Þátttaka sjálfbóðaliða er undirstaða þess að starf félagsins gangi áfram eins vel og verið hefur hingað til.*



# Tillögur fyrir aðalfund Umf. Selfoss 2026

## Tillaga 5

*Aðalfundur Umf. Selfoss, haldinn í Tíbrá 16. apríl 2026, hvetur til þess að áfram verði haldið við að bæta íþróttaaðstöðu á Selfossi enda búa margar deildir félagsins að einhverju, eða öllu leyti, við þróngan kost þegar kemur að æfingum og/eða keppni. Afar mikilvægt er að halda ótrauð áfram við framkvæmdir við íþróttamannvirki á Selfossi. Félagið hefur áður lagt fram metnaðarfulla tllögu um uppbyggingu íþróttamannvirkja við Engjaveg þar sem yrði framtíðaraðstaða allra íþróttagreina félagsins. Þar til af því verður mun Ungmennafélag Selfoss, hér eftir sem hingað til, samt sem áður styðja við allar metnaðarfullar hugmyndir sveitarfélagsins um uppbyggingu íþróttamannvirkja*



# Tillögur fyrir aðalfund Umf. Selfoss 2026

## Tillaga 6

*Aðalfundur Umf. Selfoss, haldinn í Tíbrá 16. apríl 2026 skorar á Sveitarfélagið Árborg að vera stórhuga í uppbyggingu íþróttastöðu við Stekkjarskóla, þannig þar verði gert ráð fyrir fullbúinni aðstöðu fyrir fimleika og handknattleik, bæði til æfinga og keppni. Bæði hvað varðar aðstöðu innan vallar sem utan, m.a með aðstöðu fyrir áhorfendur, á stórum mótum og leikjum. Aðstaða fyrir þessar tvær íþróttagreinar félagsins hafa fyrir löngu sprengt utan af sér og undanfarin ár, hamlað verulega þróun og stækkun þessara íþróttagreina innan félagsins. Hefur svo verið í áratugi. Sé horft til uppbyggingar íþróttastöðu innan sveitarfélagsins undanfarna áratugi þá er ljóst að tækifærið er núna til að gera betur, þegar á annað borð er verið að byggja. Ungmennafélag Selfoss, er í dag sem fyrr, hornsteinninn í samfélaginu í Sveitarfélaginu Árborg og hjá því eru í dag 2500 iðkendur, hjá 12 deildum. Það gefur augaleið að lífsgæði samfélagsins byggir á góðu íþrótt- og tómstundastarfi og þar hefur félagið lagt sitt af mörkum í 90 ára, með ómældu sjálboðaliðastarfi. Það er því ekkert óeðlilegt að félagið gerfi kröfur til bætingar aðstöðu til að auka lífsgæði samfélagsins enn meira.*



# Tillögur fyrir aðalfund Umf. Selfoss 2026

## *Tillaga 7*

*Aðalfundur Umf. Selfoss, haldinn í Tíbrá 16. apríl 2026, skorar á Sveitarfélagið Árborg, núna þegar í undirbúningi er að stækka sundlaugarsvæðið, við Sundhöll Selfoss, að vera stórhuga í þeirri uppbyggingu og byggja yfirbyggða 25 mtr sundlaug, fyrir keppni, æfingar og almenning. Ekki aðeins byggja sundlaug, þar sem gert er ráð fyrir þeim möguleika að byggja yfir hana seinna. Það vita allir að þegar svo er gert þá liða mörg ár eða áratugir þar til verkefnið er fullklárað, ef það verður þá einhvern tíma gert. Sé horft til uppbyggingar íþróttastöðu innan sveitarfélagsins undanfarna áratugi þá er ljóst að tækifærið er núna til að gera betur, þegar á annað borð er verið að byggja. Ungmennafélag Selfoss, er í dag sem fyrr, hornsteinn í samfélaginu í Sveitarfélaginu Árborg og hjá því eru í dag 2500 iðkendur, hjá 12 deildum. Það gefur augaleið að lífsgæði samfélagsins byggir á góðu íþrótt- og tómstundastarfi og þar hefur félagið lagt sitt af mörkum í 90 ára, með ómældu sjálboðaliðastarfi. Það er því ekkert óeðlilegt að félagið gerfi kröfur til bætingar aðstöðu til að auka lífsgæði samfélagsins enn meira.*



# Tillögur fyrir aðalfund Umf. Selfoss 2026

## *Tillaga 8*

*Aðalfundur Umf. Selfoss, haldinn í Tíbrá 16. apríl 2026, samþykkir að veita framkvæmdastjórn félagsins heimild til að útnefna heiðursfélaga Umf. Selfoss í tilefni 90 ára afmælis félagsins, ef hún telur það viðeigandi.*

